

Á línunni: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásgeir Magnússon, Ingibjörg Eiríksdóttir og Vilborg Arna Gissurardóttir

Dagskrá fundarins: Breytingartillögur stjórnar.

Ásgeir setur fundinn kl 09:40

Fjallað er um breytingartillögur stjórnar. Til þess að breytingar nái fram að ganga þarf skv 14. gr samþykktanna að:

*Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.*

Óskað verður eftir undirritun eftir seinni breytingarfund og þá ættu nýju samþykktirnar að geta tekið gildi undir lok mánaðarins. Misjafnt er hvenær hlutaðeigandi sveitastjórnir funda sökum sumarfría og því verður ekki endanlega skipað í nýja stjórn fyrr en í ágúst.

Ásgeir fer yfir eftirfarandi breytingartillögur:

1)

### **Heimilisfang**

2. gr.

Heimilisfang og varnarþing félagsins er að Víkurbraut 28, Vík í Mýrdal.

**Verður**

**Heimilisfang og varnarþing félagsins er að Hlíðarvegur 16 Hvolsvelli.**

2)

Í 5. Gr er kennitala Kötluseturs færð inn og verður því:

**Kötlusetur kt: 640511-1250**

3)

### **Stjórn**

7.gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn með eftirfarandi hætti, en varamenn til eins árs í senn: Einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af hálfu Rangárþings eystra og Skógasafns.

Einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af hálfu Mýrdalshrepps og Kötluseturs. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af hálfu Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu.

Einn varamaður skal tilnefndur sameiginlega af Háskólafélagi Suðurlands og Stofnun fræðasetra HÍ.

Einn varamaður skal kosinn árlega á ársfundi af ferðaðþjónustuaðilum sem gerst hafa aðilar að sjálfseignarstofnuninni.

Varamenn skulu að jafnaði boðaðir á stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

#### **Verður:**

**Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og fjórum til vara. Stjórn og varastjórn skal skipuð til tveggja ára í senn:**

**Tveir stjórnarmenn og einn til vara skulu tilnefndir af Háskólafélagi Suðurlands.**

**Einn stjórnarmaður og einn til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu Rangárþings eystra og Skógasafns.**

**Einn stjórnarmaður og einn til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu Mýrdalshrepps og Kötluseturs.**

**Einn stjórnarmaður og einn til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu.**

**Falli atkvæði á jöfnu skal atkvæði formanns ráða.**

4)

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### **Verður:**

**Stjórn stofnunarinnar ræður rekstrarstjóra og ákveður starfskjör hans. Rekstrarstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Rekstrarstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar**

**upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.**

5)

### **Félagaaðild og ársfundur**

13. gr.

Gert er ráð fyrir að ferðaþjónustuaðilar á svæðinu geti gerst aðilar að sjálfseignarstofnuninni gegn greiðslu árgjalds og seturéttar á ársfundi. Stjórn félagsins undirbýr ársfund, og skal dagskrá hans vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Starfs- og fjárhagsáætlun
4. Kosning varamanns í stjórn fyrir hönd ferðaþjónustuaðila sem aðild eiga að stofnuninni.
5. Önnur mál

Auk stjórnar og fyrrgreindra ferðaþjónustuaðila eiga fulltrúar stofnaðila seturétt á ársfundi.

**Verður:**

### **Ársfundur**

13. gr.

**Gert er ráð fyrir að ferðaþjónustuaðilar á svæðinu geti gerst aðilar að sjálfseignarstofnuninni gegn greiðslu árgjalds og seturéttar á ársfundi. Stjórn félagsins undirbýr ársfund, og skal dagskrá hans vera eftirfarandi:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Starfs- og fjárhagsáætlun
4. Önnur mál

**Auk stjórnar og fyrrgreindra ferðaþjónustuaðila eiga fulltrúar stofnaðila seturétt á ársfundi.**

Allir stjórnarmenn samþykkja breytingarnar án frekari umræðna.

Fundi er slitið kl 09:50

Seinni breytingarfundur mánudaginn 25. Júní

Fundargerð ritaði: Vilborg Arna Gissurardóttir